

LANDSSAMTÖK ÍSLENSKRA STÚDENTA

LÍS

Stefna LÍS um alþjóðavæðingu íslensks háskólasamfélags

Stefna Landssamtaka Íslenskra Stúdenta

Um alþjóðavæðingu íslensks háskólasamfélags

3. útgáfa samþykkt á Landsþingi LÍS á Bifröst

6. mars 2021

Landssamtök Íslenskra Stúdenta

Borgartún 6, 105 Reykjavík

lis@studentar.is

studentar.is

1. Inngangur

Alþjóðavæðing hefur styrkt tengsl milli einstaklinga, samtaka og stofnana í ólíkum heimshornum og stuðlar þannig að auknum skilningi og hraðari samskiptum milli landa og menningarheima. Til grundvallar þessarar stefnu liggur sú hugmynd að jöfn tækifæri til náms, jafnt innanlands sem erlendis, séu ein af undirstöðum farsæls samfélags. Yfirvöld og íslenskir háskólar ættu að leggja þá hugmynd til grundvallar í sinni stefnumótun.

1.1. Stefnumótun háskóla og yfirvalda

Markviss stefna um alþjóðavæðingu íslensks háskólasamfélags er nauðsynlegt skref í átt að samkeppnishæfara menntakerfi á alþjóðavísu, víðsýnna samfélagi, fjölbreyttara vinnuafli og öflugra fræðastarfi. Til þess að tryggja samvinnu og samræmi á milli háskóla skal menntastefna stjórnvalda innihalda markvissar og mælanlegar aðgerðir um alþjóðavæðingu íslensks háskólasamfélags ásamt því að safna tölulegum upplýsingum um framgang alþjóðavæðingar. Háskólar skulu sníða sína stefnu um alþjóðavæðingu að sínu nærumhverfi svo hún endurspegli þau tækifæri og þann raunveruleika er stúdentar búa við og skulu nærliggjandi háskólastofnanir leggja sig fram við að samnýta bjargir í þessum efnum þegar við á. Stefnumótun alþjóðastefnu skal ávallt gera í raunverulegu samráði við stúdenta en nánar er fjallað um samstarf stúdenta og háskólayfirvalda í samstarfsstefnu LÍS. Þá skulu alþjóðastefnur íslenskra háskóla sem og fylgjandi aðgerðaráætlanir kjarnast í því að bæta innra starf háskólastofnanna en ekki beinast eingöngu að samkeppnishæfi út á við, enda er innra starf forsenda fyrir góðu samkeppnishæfi.

2. Alþjóðavæðing íslensks háskólasamfélags

Alþjóðavæðing er hugtak með afar víðtæka merkingu. Í stefnu þessari er fjallað um alþjóðavæðingu íslensks háskólasamfélags og skilgreinist hún hér með sem „samþætting (e. intergration) alþjóðlegrar- og fjölmennningarlegrar viddar inn í tilgang, hlutverk og miðlun háskólamenntunar“. Lögð er áhersla á að litið sé á alþjóðavæðingu háskólasamfélagsins sem umfangsmeiri aðgerð en einungis aukinn hreyfanleika (e. mobility). Litið skal á fjölmennningarlega vídd sem kjarnamarkmið í alþjóðavæðingu háskólasamfélagsins og skulu aðgerðir sem miða að því markmiði teygja anga sína inn í námsefni og kennsluhætti íslenskra

háskóla almennt. Sérhverri háskólastofnun ber að tryggja að allar deildir stofnunarinnar vinni kerfisbundið að alþjóðavæðingu.

2.1. Innihald náms

Alþjóðavæðing námsefnis skal ekki bundin við svokallaðar alþjóðlegar brautir eða nám í skilgreindum alþjóðlegum og/eða menningartengdum greinum. Yfirmenn námsbrauta sem og aðrir skipuleggjendur námsefnis innan íslenskra háskóla skulu vinna jafnt og þétt að endurskoðun námsefnis með tilliti til menningarlegrar fjölbreytni. Akademískt starfsfólk skal í hvívetna leitast við að efnistösk og áherslur námsefnis taki mið að því alþjóðlega starfsumhverfi sem bíður stúdenta að lokinni útskrift. Leitast skal við að kynna fyrir stúdentum fyrirmyndir af ólíkum uppruna og menningarhópum, auk þess skal forðast hulda fordóma til hins ítrasta við efnisval námsefnis.

2.2. Kennsluhættir

Til að markmið í alþjóðavæðingu náms varðandi alþjóðlega- og fjölþjóðlega vídd geti orðið að veruleika er grundvallaratriði að akademískt starfsfólk hljóti þjálfun á því sviði. Tryggja þarf að menningarnæmni sé fastur hluti af allri menntun og endurmenntun kennara en auk þess skal gætt að því að veita öllu starfsfólki háskóla fræðslu og leiðsögn í þeim efnum. Akademískt starfsfólk skal sýna fordæmi í hvers kyns málum er tengjast fordómum, það skal hvetja stúdenta til gagnrýnnar hugsunnar með það að markmiði að ýta undir skilning á fjölbreyttum og/eða ólíkum menningarbakgrunni stúdenta og leggja sig fram við að skapa öruggt og opið námsumhverfi fyrir öll. Í námskeiðslýsingum skal koma skýrt fram á hvaða tungumáli námskeið eru kennd, hvaða kröfur um tungumálakunnáttu eru gerðar til stúdenta sem sækja tiltekið námskeið, á hvaða tungumálum stúdentum býðst að leysa verkefni sem og þreyta próf í viðkomandi námskeiði.

3. Hreyfanleiki innan íslensks háskólasamfélags

Hreyfanleiki (e. mobility) er hugtak sem notað hefur verið yfir alþjóðlegt flæði stúdenta og akademísku starfsfólks og er ein grunnstoð alþjóðavæðingar innan háskólasamfélagsins. Ávinning hreyfanleika má meta á einstaklingsgrundvelli og einnig út frá þeim áhrifum sem hreyfanleiki hefur á háskólasamfélagið í heild sinni. Mikilvægur hluti þess að dvelja erlendis

vegna náms eða starfsþjálfunar er að kynnast nýrri menningu og hefðum sem óneitanlega vikkar sjóndeildarhringinn og stuðlar að umburðarlyndi meðal einstaklinga. Stúdentar sem fara í stúdentaskipti bera meiri virðingu fyrir gildum og skoðunum annarra eftir dvöl erlendis¹. Hreyfanleiki stuðlar sömuleiðis að tilfærslu þekkingar landa á milli sem auðgar samfélagið og hvetur til nýsköpunar og framþróunar. Fjöldi stúdenta og akademíks starfsfólks sem leita tækifæra erlendis hefur farið ört vaxandi á undanförunum árum². Háskólar og yfirvöld skulu bregðast við þessari auknu eftirspurn og stefna að því að árið 2030 hafi 40% útskrifaðra stúdenta alþjóðlega reynslu hvort sem það sé í styttri eða lengri tíma. Sérstök áhersla skal lögð á hreyfanleika akademíks starfsfólks og kennarastéttarinnar almennt þar sem alþjóðleg reynsla hefur reynst ein áhrifaríkasta leiðin til að stuðla að aukinni fjölbreytni í námi og kennsluaðferðum³. Það sem telst til alþjóðlegrar reynslu eru meðal annars styttri og lengri stúdentaskipti, starfsþjálfun, ráðstefnur og námskeið sem og nám til gráðu erlendis.

3.1. Íslenskir stúdentar erlendis

Háskólar á Íslandi þurfa að tryggja fjölbreytt tækifæri íslenskra stúdenta til að öðlast alþjóðlega reynslu meðal annars með því að rækta samband sitt við aðra og fleiri erlenda háskóla. Alþjóðleg samskipti stuðla að auknum gæðum menntunar og styðja stúdentar og akademískt starfsfólk við að takast á við kröfur og áskoranir sem einkenna samfélagið í nútíð og framtíð. Nám erlendis, hvort sem það er í styttri eða lengri tíma, felur einnig í sér töluvert óformlegt nám. Stúdentar læra að aðlagast öðrum kerfum, menningarheimum og starfsvenjum en það stuðlar að hæfni sem reynist vel í framtíðarstörfum. Þá stuðlar það að auknum persónulegum sem og félagslegum þroska þar sem kynni af öðru landi en heimalandi gerir stúdentar færari um að aðlagast ólíkum aðstæðum, eykur samskipti við fólk af ólíkum menningarbakgrunni sem og stuðlar að bættri tungumálakunnáttu⁴. Háskólar á Íslandi hafa þeirri skyldu að gegna gagnvart stúdentum að upplýsa þá um öll tækifæri sem bjóðast erlendis og vera þeim innan handar við umsóknarferlið. Stúdentar í námi erlendis geta leitað til LÍS og Sambands íslenskra námsmanna erlendis, SÍNE sé þess þörf.

¹ 5 Facts Sectional. (e.d.). Sótt 23. febrúar, 2019, frá: <https://bit.ly/2NoljcW>

² Sótt frá: <https://www.erasmusplus.is/um/tolfraedi/uthlutun/>

³ Sótt frá: https://www.researchgate.net/publication/340535564_Internationalisation_in_Higher_Education_for_Society

⁴ Brandenburg, U., Berghoff, S., Taboadela, O., European Commission, og Directorate-General for Education and Culture. (2014). The Erasmus impact study effects of mobility on the skills and employability of students and the internationalisation of higher education institutions. Luxembourg: Publications Office. Sótt frá: <http://bookshop.europa.eu/uri?target=EUB:NOTICE:NC0414545:EN:HTML>

3.1.1. Hindranir

Nauðsynlegt er að tryggja greiðara aðgengi fyrir fjölbreyttan hóp af stúdentum, með ólíkar þarfir, til þess að sporna gegn því að stúdentar sem hljóta alþjóðlega reynslu verði einsleitir hópur.

Háskólar og menntayfirvöld þurfa að kortleggja hindranir sem eru fyrir hendi þegar stúdentar hyggja á nám erlendis meðal annars með öflun tölfraeðiupplýsinga⁵. Um 10% íslenskra stúdenta hafa sótt tímabundið nám erlendis og um 29% stefna á slíkt nám. Í framhaldi skal unnið að því að brjóta hindranir niður þannig að hópur þeirra sem hefur alþjóðlega reynslu verði fjölbreyttari. Í þeim tilvikum þar sem stúdentum gefst færi á að sækja um styrk til þess að stunda skiptinám og starfsþjálfun, líkt og í Erasmus áætluninni og Nordplus, er mikilvægt að tekið sé tillit til fjölbreyttra aðstæðna stúdenta hverju sinni. Landskrifstofur Erasmus og Nordplus skulu haga styrkjakerfinu hérlendis þannig að unnt sé að veita styrki sem styðja sérstaklega við þá hópa stúdenta sem þurfa á aðstoðinni að halda, svo sem stúdenta með fatlanir og/eða börn í sinni umsjá. Einnig ættu þessar styrkjaáætlanir að bjóða upp á fjölbreyttar leiðir fyrir alþjóðlega reynslu, bæði hvað varðar sveigjanlega tímallengd dvalar erlendis og alþjóðavæðingu heima fyrir.

3.1.2. Stúdentar í fullu námi erlendis

Íslenskir stúdentar í fullu námi erlendis eiga að njóta sömu réttinda til fjárhagsaðstoðar og stúdentar í námi á Íslandi, sama hvort átt er við Menntasjóður námsmannna, eða sambærilega aðstoð. Helsta hindrun stúdenta sem stunda fullt nám erlendis eru fjárhagslegir örðugleikar og þá meðal annars vegna of lágra lána til framfærslu og skólagjalda. Menntasjóðurinn skal koma til móts við íslenska stúdenta sem stunda nám erlendis og tryggja örugga framfærslu og lán til skólagjalda í samræmi við raunþarfir þeirra. Menntasjóðurinn skal ávallt ráðfæra sig við SÍNE þegar teknar eru ákvarðanir um hagi stúdenta erlendis.

3.1.3. Skiptinám og starfsþjálfun

Eitt af markmiðum skiptináms og starfsþjálfunar á háskólastigi er að auka gæði háskólanáms með fjölbreyttum námsmöguleikum og einnig að auka færni, hæfni og styrkja möguleika stúdenta í atvinnulífinu að námi loknu. Stúdentar sem hafa sótt starfsþjálfun telja sig betur í stakk búna til að hugsa rökrétt og draga ályktanir⁶. Öllum stúdentum skal vera tryggður jafn réttur til skiptináms og starfsþjálfunar óháð námi, háskóla eða félagslegri stöðu. Mikilvægt er að háskólar

⁵Facts Sectional. (e.d.). Sótt 23. febrúar, 2019, frá: <https://bit.ly/2NoljcW>

⁶Áhrif E+ á lýðræðisþátttöku. (e.d.). Sótt 22. mars 2019, frá: <https://infograph.venngage.com/ps/BV2vjDMnivM/5-facts-sectional>

taki virkan þátt og sýni frumkvæði í því að stuðla að auknum stúdentaskiptum og starfsþjálfun með því að senda stúdenta erlendis sem og að taka á móti stúdentum erlendis frá. Við skipulag námsbrauta þarf að taka tillit til skiptináms og starfsþjálfunar með opnum ramma sem gefur tækifæri á breytingu innan námsleiðar (e. mobility windows) og gera stúdentum kleift að stunda nám erlendis án þess að það seinki brautskráningu. Alþjóðaskrifstofur háskólanna skulu í samráði við viðkomandi brautarstjóra ganga úr skugga um að þær einingar sem stúdent aflar sér í námi erlendis séu viðurkenndar við námsbraut þess sem erlendis fer.

4. Alþjóðlegir stúdentar á Íslandi

Alþjóðlegir stúdentar skilgreinast hér eftir sem erlendir skiptinemar sem og aðrir erlendir stúdentar skráðir til náms eða í starfsþjálfun á Íslandi sem falla undir eina eða fleiri af eftirfarandi staðhæfingum: Eru ekki með fasta búsetu á Íslandi, eru ekki íslenskir ríkisborgarar eða eru ekki með íslensku að móðurmáli. Listinn er ekki tæmandi. Alþjóðlegir stúdentar auðga íslenskt samfélag og stuðla að víðsýni og framþróun innan háskólasamfélagsins. Háskólar skulu tryggja aðgengi þeirra að menntun á öllum stigum íslensks háskólakerfis. Eins hefur íslenskt atvinnulíf hefur einnig mikinn hag af því að taka á móti alþjóðlegum stúdentum í starfsþjálfun enda ótvíræður afrakstur sem fylgir aukinni alþjóðlegri vídd í atvinnulífinu rétt eins og í samfélaginu öllu. Stúdent í ólaunaðri starfsþjálfun skal aldrei koma í stað launaðs starfsfólks. Stúdent í starfsþjálfun skal ávallt fá viðeigandi tækifæri og stuðning til að efla þekkingu og færni sína á því námssviði sem þjálfunin nær til og þá skal leiðbeinandi innan vinnustaðarins ávallt vera stúdentinum innan handar. Einnig skal vera til staðar skýrt ferli um það hvernig skuli bregðast við þeim vandamálum sem upp gætu komið. Háskólum ber að tryggja að allar deildir innan hvers háskóla vinni kerfisbundið að alþjóðavæðingu. Alþjóðaskrifstofur sem og aðrir starfsmenn háskólastofnanna eiga að vera alþjóðlegum stúdentum innan handar og tryggja gott upplýsingaflæði varðandi réttindi þeirra og félagslíf innan háskólans.

4.1 Móttaka alþjóðlegra stúdenta

Lögð er áhersla á að háskólasamfélagið í heild sinni taki vel á móti alþjóðlegum stúdentum sem koma til Íslands. Mikilvægt er að stúdentar hafi frá upphafi náms færi á að kynnast sínum samnemendum og styrkja sitt nærumhverfi og gildir það ekki síður við móttöku alþjóðlegra

nema. Það er ábyrgð kennara sem og annarra skipuleggjanda náms að veita stúdentum rými innan námsskipulags svo að félagsleg aðlögun alþjóðlegra stúdenta megi verða að veruleika. Þá er mælt til þess að íslenskir háskólar bjóði upp á leiðsögu- eða mentorakerfi fyrir alþjóðlega stúdenta með það að markmiði að aðstoða þá við að aðlagast nýju landi og koma í veg fyrir félagslega einangrun. Stúdentafélög skulu í samstarfi við alþjóðaskrifstofu síns háskóla tryggja möguleika alþjóðlegra stúdenta á þátttöku í félagslífi skólans til jafns við íslenska stúdenta. Alþjóðlegir stúdentar skulu ávallt njóta sömu réttinda og íslenskir stúdentar innan íslenskra háskóla. Þeir eiga að geta stundað fjölbreytt nám á ensku á Íslandi og því ber hverri deild innan hvers háskóla að kanna möguleikann á auknu námsframboði á ensku. Háskólar skulu vinna að því að bjóða öllum alþjóðlegum stúdentum sem stunda nám hérlendis upp á íslenskukennslu endurgjaldslaust.

4.2. Hindranir

Það er grundvallaratriði að háskólar og yfirvöld vinni í sameiningu að því að uppræta og koma í veg fyrir hindranir sem standa í vegi fyrir alþjóðlegum stúdentum á Íslandi. Tryggja skal að skýr verklög séu til staðar innan hvers og eins háskóla sem miða að þeim markmiðum. Hindranir geta til að mynda verið skortur á upplýsingum um umsóknarferlið, námsmöguleika, réttindi og húsnæði. Alþjóðlegir stúdentar geta búið við fjölbreyttar mismunabreytur (e. intersectionality) og gætu þurft aukinn stuðning til að geta tekið virkan þátt í námi og félagslífi.

Ávallt skal veita alþjóðlegum stúdentum stuðning eftir bestu getu hvort sem á við aðstoð beintengda náminu eða almenna þjónustu tengda dvöl þeirra hér á landi, þar á meðal tryggðann aðgang að heilbrigðisþjónustu og helstu nauðsynjum. Háskólastofnanir skulu ganga úr skugga um að alþjóðlegir stúdentar standi jafns við íslenska stúdenta er kemur að velferð í námi og að þeim sé veitt aukin þjónusta þegar við á.

4.2.1. Dvalarleyfi

Stúdentar sem koma utan evrópska efnahagssvæðisins og EFTA þurfa dvalarleyfi til náms frá Útlendingastofnun til að geta stundað nám á Íslandi. Útlendingastofnun skal afgreiða dvalarleyfi með eins skjóttum hætti og hægt er, enda geta tafir orðið til þess að stúdentar nái ekki að hefja nám sitt hérlendis á tilsettum tíma. Dvalarleyfi stúdenta sem stunda hér fullt nám skal gilda út námstíma viðkomandi en nógildandi reglugerð um endurnýjun leyfisins á sex mánaða fresti getur

valdið leyfishafa gríðarlegu óöryggi tengdu framvindu náms síns hér á landi. Þá skal endurskoða reglur Útlendingastofnunar um skilyrði um trygga framfærslu til að tryggja sanngjarnari og sveigjanlegri meðferð við útgáfu leyfis fyrir stúdenta. Einnig ætti fjölskyldusameining að bjóðast öllum stúdentum með dvalarleyfi vegna náms óháð námsstigi.

4.2.2. Aðgengi að námi

Háskólar og stjórnvöld skulu tryggja skýrar upplýsingar og greið og gagnsæ umsóknarferli, meðal annars vegna tungumálhindrana. Nauðsynlegt er að háskólar gangist við og uppræti þær hömlur sem eru til staðar fyrir flóttafólk, umsækjendur um alþjóðlega vernd og innflytjendur. Háskólar skulu einnig vinna að því að bjóða þeim þeim íslenskunám endurgjaldslaust, sem og alþjóðlegum stúdentum almennt.

4.3. Flóttafólk, umsækjendur um alþjóðlega vernd og aðrir innflytjendur

Innflytjendur eru fólk sem hefur flust hingað til lands með það fyrir augum að búa hér í lengri eða skemmri tíma. Umsækjendur um alþjóðlega vernd eru einstaklingar sem sækja um alþjóðlega vernd utan eigin ríkis og bíða úrlausnar umsóknar sinna. Flóttafólk eru innflytjendur sem hafa þurft að flýja heimaland sitt vegna óviðráðanlegra aðstæðna. Í tilfellum þessara hópa er nám almennt ekki forsenda fyrir búsetu þeirra hér á landi. Stjórnvöld skulu tryggja upplýsingagjöf til flóttafólks, umsækjenda um alþjóðlega vernd og innflytjenda um réttindi þeirra til menntunar á Íslandi. Þá skal unnið að því að menntun og starfsreynsla flóttafólks sem og annarra og innflytjenda sé viðurkennd hér á landi.

4.3.1. Viðurkenning

Flóttafólk, umsækjendur um alþjóðlega vernd og innflytjendur eiga að fá fyrra nám viðurkennt á Íslandi þar sem nám skal metið að verðleikum. Stjórnvöld bera ábyrgð á því að hér á landi fari viðurkenning á fyrra námi eftir skýru, sanngjörnu og samræmdu ferli í samstarfi við háskóla. Þau sem fá synjun á umsókn sinni um viðurkenningu á fyrra námi eiga að fá leiðbeiningar um hvernig þau geti aflað sér frekari þekkingar til þess að nám standist matskröfur. Ef umræddur hópur getur sýnt fram á fyrra nám á hann hindrunarlaust að geta sótt um frekara nám eða starfað í samræmi við menntun hér á landi.